



Örvun 10-12 mánaða barns



Hvatning

Vera saman, njóta litlu manneskjunnar sem er að fá meiri og meiri skilning á heiminum.

Tala saman, syngja, lesa, leika, dansa, hrósa, ýta undir.

Málskilningur, leysa þrautir

Bendibók, þulur, dansar. Klappa saman lófunum, veifa bless, dýrahljóð, þekkja líkamshluta á sér og öðrum.

Fara í sendiferðir („gefa mömmu boltann“), hjálpa til við að klæða sig í og úr (hafa orð á því sem gert er í leiðinni).

Drekka með röri, halda á skeið þegar það er matað.

Leysa einfaldar þrautir, t.d. með dollum. Stafla, raða, rúlla, uppgötva dýpt (setja eitthvað ofan í og taka aftur upp úr).

Hreyfing

Skríða/bera sig um, styrkja líkamann almennt sem undirbúning undir göngu.

Ganga með, leiða með báðum höndum, annarri hendi til að fá aukna tilfinningu fyrir jafnvægi og styrkja mjaðmir og fótleggi.



Leikur er liður í þroska barnsins

Hvert barn þroskast og vex á sínum hraða

Umhverfi og upplifun hefur mikil áhrif á þroska barnsins